

LAGABREYTINGARTILLAGA

Breyting á lögum um stjórnir og innleiðing félagsþrennunnar



Tillaga 1:

Stjórn BÍS leggur það til við Skátaþing 2022 að á 9. grein & 20. grein laga BÍS verði gerðar eftirfarandi breytingar:

9. GREIN

Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, ~~aðstoðarfélagsforingi~~ og gjaldkeri en sami aðili má ekki gegna báðum embættum.. Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætta.
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Stjórn og foringjaráð skulu skipuð fólki af fleira en einu kyni og kynjahlutföll vera sem jöfnust sé því við komið.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.

20. GREIN

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða ~~aðstoðarfélagsforingja~~ öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.



B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátapings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi.

Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátapingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu.

Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátapings.



Tillaga 2:

Stjórn BÍS leggur það til við Skátaping 2022 að 9. grein laga BÍS verði eftirfarandi bætt við greinina:

9. GREIN

Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri. Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætti.
- Í félaginu skal starfa teymi félagabrennunnar, félagsforingi auk dagskrár- og sjálfboðaliðaforingja sem ýmist geta verið embætti innan eða utan stjórnar.
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára. Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Stjórn og foringjaráð skulu skipuð fólki af fleira en einu kyni og kynjahlutföll vera sem jöfnust sé því við komið.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.

Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.



Greinagerð:

Félagabrennan hefur verið til prófunar í hinum ýmsu félögum og gefið góða raun þar sem hún hefur verið starfrækt. Nokkur félög þ.á.m. Heiðabúar og Svanir hafa þegar breytt lögum um stjórnir sínar til að innleiða félagabrennuna fyrir fullt og allt. Önnur félög hafa látið það stoppa sig að gera álíka breytingu á sínum lögum að lög BÍS hafi ekki verið aðlöguð.

Með þessu vill BÍS innleiða félagbrennuna inn í grunnskipulag skátafélaga til framtíðar. Þó það sé mjög ákjósanlegt að sjálfboðaliða- og dagskrárforingi séu í stjórn félagsins þá er það ekki nauðsynlegt skilyrði til þess að félagabrennan þjóni sínu markmiði og því eru ákvæði um stjórnir félaga og um félagabrennuna aðskilin.

Þannig verður eingöngu sett krafa um 3 manna lágmarksfjölda í stjórnnum, líkt og áður og að í þeim sé einn aðili félagsforingi sem [skv. 13. grein laga BÍS](#) ber ábyrgð á öllu starfi skátafélags gagnvart stjórn BÍS og síðan gjaldkeri sem fer með fjárreiður félagsins og eðlilega að þetta séu ólíkir aðilar.

Dagskrár- og sjálfboðaliðaforingi félags geta þannig orðið aðilar sem eiga sæti í stjórn og eru kjörnir á aðalfundi, aðilar úr foringjaráðinu t.d. róverskátaforinginn, eða aðilar sem stjórn eða foringjaráð skipar og hafa ekkert annað hlutverk en það sem starfslýsing félagabrennunnar felur í sér.

Með þessu er félögum gefinn kostur á að innleiða félagabrennuna án þess að þurfa að breyta stjórnskipulagi félagsins ef þau vilja það síður.

